

FÉLAGSFRÆÐI

Framhaldsnám
hi.is/felagsfraedi-ma



Kynntu þér spennandi framhaldsnám

Framhaldsnám í félagsfræði við Háskóla Íslands er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi. Markmið námsins er að þjálfar nemendur í félagsfræðilegri hugsun, öflun og meðhöndlun gagna, hagnýtingu rannsókna, fagmennsku og sjálfstæðum vinnubrögðum.

„Starf mitt hjá lögreglunni er mjög fjölbreytt. Í grófum dráttum felst það í því að vinna og greina gögn og gera þau aðgengileg fyrir almenning, fjölmiðla og aðra innan lögreglunnar. Þar hefur sú kennsla sem boðið var upp á í rannsóknum, aðferðafræði og vinnulagi nýst mjög vel.“

Jónas Orri Jónasson, sérfræðingur

Meistaránám á ensku

- Styrkir þig fyrir vinnumarkað
- Góður grunnur fyrir doktorsnám
- Alþjóðlegt, fjölbreytt nám með erlendum nemendum
- Verkefnaskil möguleg á íslensku

Kjörsvið

- MA í félagsfræði
- MA í félagsfræði, kjörsvið aðferðafræði
- MA í félagsfræði, kjörsvið afbrotfræði
- MA í félagsfræði, kjörsvið heilsa og velferð

Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í rannsóknum kennara og að nota gögn frá stofnunum sem bjóða upp á atvinnutækifæri fyrir félagsfræðinga. Greining gagna og beiting kenninga félagsfræðinnar er einn af megin styrkleikum MA námsins sem veitir þér forskot á vinnumarkaði

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/felagsfraedi-ma



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG
ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Fjölbreytt framboð af framhaldsnámi



MA nám í félagsfræði (120e)

MA nám í félagsfræði er tveggja ára fræðilegt rannsóknarnám. Markmið námsins er að nemendur tileinki sér þekkingu á áhugasviði sínu og fái góða þjálfun í sjálfstæðum akademískum vinnubrögðum. Á fyrra árinu taka nemendur námskeið í rannsóknaraðferðum og almennum kenningum auk þess sem þeir geta valið að taka námskeið um ýmis sérsvið bæði innan deildar og utan. Á seinna árinu velja nemendur rannsóknarefni og vinna umfangsmikið (40e eða 60e) MA verkefni undir leiðsögn kennara.

Kjörsvið og viðbótardiplóma

Nemendur í MA námi geta valið á milli þriggja kjörsviða en einnig er í boði að stunda diplómanám innan tveggja kjörsviða, afbrotufræða og aðferðafræða sem kallast þá diplómanám í rannsóknaraðferðum félagsvísinda.

Aðferðafræði

Í kjörsviðinu aðferðafræði leggur þú áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda þar sem þú hlýtur markvissa þjálfun í að greina gögn. Á vinnumarkaði er lögð sífellt meiri áhersla á að greina samfélagið bæði út frá þekkingu um eðli samfélagsins og með gagnreyndum aðferðum félagsvísinda. MA próf í aðferðafræði er einnig í boði.

Afbrotufræði

Í kjörsviðinu afbrotufræði leggur þú áherslu á afbrot sem þjóðfélagslegt fyrirbæri. Hvernig refsilög verða til, tíðni og orsakir refsilagabrota, og hvaða viðbrögð séu við brotum á þeim. Afbrotufræðin er þverfagleg, byggir á framlagi ólíkra fræðigreina s.s. félagsfræði, sálfræði og lögfræði. Nemendum gefst tækifæri til að kynnast starfi félags- og afbrotufræðinga á vettvangi réttarvörslukerfisins og vinna að verkefnum sem styðjast við opinber gögn og önnur aðgengileg gagnasöfn.

Heilsa og velferð

Í kjörsviðinu heilsa og velferð leggur þú áherslu á að skilja áhrif samfélagsins og félagslegra þátta á heilsu og líðan. Sérstök áhersla er lögð á að tengingu stærri samfélagslegra þátta, s.s. velferðarkerfisins og umfangs ójafnaðar við heilsu og heilsutengda hegðun einstaklinga og hópa. Nemendum gefst kostur á að vinna í nánú samstarfi við heilsufélagsfræðinga sem eru leiðandi í alþjóðlegum rannsóknum og að tengja MA verkefni sín við slík rannsóknarverkefni.

Inntökuskilyrði

Í MA náminu eru gerð skilyrði um BA-, B.Ed- eða BS-próf með fyrstu einkunn eða sambærilegt háskólapróf. Hafi nemandi ekki grunn í félagsfræði eða lokið samblærilegum námskeiðum er gerð forkrafa um að nemendur ljúki ákveðnum námskeiðum aukalega samhliða MA námi. Einnig er möguleiki á að hefja diplómanám. Allnokkur dæmi eru um að nemendur byrji í diplómanámi en sæki síðar um og klári MA nám.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/felagsfraedi-ma



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG
ÞJÓÐFRÆÐIDEILD